

### Umfeðmingur (*Vicia cracca*)

Enska; Tufted Vetch, danska; Muse-Vikke, norska; Fuglevikke, sænska; Kråkvicker


#### Tegundalýsing og kjörlendur

Umfeðmingur er fjölær jurt af ertublómaætt með granna gárótta og veikburða stöngla. Blómin eru einsamhverf, blá á stilkklöngum klösum. Blöðin eru með 8-10 smáblaðpörum og enda í löngum vafþráðum sem eru notaðir til að sækja stuðning við nágrannaplöntur eins og t.d. snarrót. Með stuðningu getur hann náð yfir 50 cm hæð.

Umfeðmingur er algengur á láglendi í næstum öllum landshlutum. Kjörlendi hans er sendin jörð, blómlendi, vegkantar, árbakkar og þurr flæðiengi. Umfeðmingur er sjaldgæfur í túnum nema á engjatúnum sem fær lítinn áburð eða sem eru sinubrennd.

#### Nýting, uppskeruvæntingar og fóðrunarvirði

Umfeðmingur er góð fóðjurt sem grasbitar sækja í éta. Hún þolir hins vegar illa beit eða slátt og er þess vegna sjaldgæf í túnum. Undantekningin eru engjaatún sem einungis eru slegin og brennd öðru hvoru.



Vóxtulegur umfeðmingar á sinubrenndu óábornu engjatúni